

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi, nr. 448/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliður bætist við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

5.8 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/205 frá 30. janúar 2025 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrar-einingum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, sbr. fylgiskjal 5.8.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunar-aðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
utanríkisráðherra.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 5.8.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/205****frá 30. janúar 2025****um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/204 frá 30. janúar 2025 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) 2580/2001⁽²⁾ er sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ⁽³⁾ komið til framkvæmda.
- 2) Hinn 19. febrúar 2024 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2024/628⁽⁴⁾ þar sem sett var inn í sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ, til 12 mánaða upphafstímabils, undanþága af mannúðarástæðum frá aðgerðum varðandi frýstingu eigna sem gilda um tilgreinda aðila, hópa og rekstrareiningar og frá takmörkunum á því að gera aðgang að fjármunum og efnahagslegum auði þeim aðgengilegan, í þágu aðila sem um getur í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2664 (2022), samtaka og fagstofnana sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum og samtaka og fagstofnana sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki eða sérstofnunar aðildarríkis. Að auki var með ákvörðun (SSUÖ) 2024/628 innleitt undanþágufyrirkomulag fyrir þau samtök og aðila sem taka þátt í mannúðarstarfi en geta ekki nýtt sér undanþáguna í mannúðarmálum og endurskoðunarákvæði í tengslum við þessar undanþágur.
- 3) Hinn 30. janúar 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/204 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um að framlengja undanþágu í mannúðarskyni til 22. febrúar 2027.
- 4) Aðgerðirnar falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja að beiting þeirra sé með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2580/2001 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2580/2001 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 7. mgr. koma orðin „24 mánuðir“ í stað orðanna „12 mánuðir“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar „22. febrúar 2025“ í 8. mgr. kemur „22. febrúar 2027“.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. janúar 2025.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti.*

A. SZLAPKA

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L, 2025/204, 31.1.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/204/oj>.⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjótið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2001/2580/oj>).⁽³⁾ Sameiginleg afstaða ráðsins 2001/931/SSUÖ frá 27. desember 2001 um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjótið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 93, ELI: <http://data.europa.eu/eli/compos/2001/931/oj>).

(⁴) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/628 frá 19. febrúar 2024 um breytingu á sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L, 2024/628, 20.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2024/628/oj>).

B-deild – Útgáfudagur: 12. mars 2025